

**Heimavellir hf. : Beiðni um hluthafafund (afskráningu) og tilkynning um valfrjálst tilboð**  
Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar

Stjórn Heimavalla barst í dag bréf frá þremur hluthöfum, Snæbóli ehf. (7,54%), Gana ehf. (7,54%) og Klasa ehf. (3,85%), þar sem farið er fram á að stjórn félagsins boði til hluthafafundar þar sem tillaga um töku hlutabréfa félagsins úr viðskiptum hjá NASDAQ Iceland hf. verði sett á dagskrá, eða slík tillaga sett á dagskrá aðalafundar. Samtals eiga þessir þrír hluthafar 18,93% í Heimavöllum.

Það er mat hluthafanna að taka hlutabréfanna til viðskipta hjá NASDAQ Iceland hf. hafi ekki skilað væntum ávinningi fyrir hluthafa og félagið.

Jafnframt kemur fram í bréfinu að Sigla ehf., sem er í eigu ofangreindra hluthafa, og Alfa Framtak ehf. muni fjármagna valfrjálst tilboð í hlutabréf Heimavalla hf. sem lagt verður fram í samræmi við ákvæði X. kafla laga um verðbréfiðskipti. Arctica Finance hf. mun hafa umsjón með tilboðinu.

Tilboðsgjafi mun verða einkahlutafélag.

Tilboðsverðið verður kr. 1,30 á hlut, sem uppfyllir skilyrði laga um verðbréfiðskipti eins og um yfirtökutilboð væri að ræða, dagslokaverð Heimavalla hf. í viðskiptum í Kauphöllinni þann 31. janúar 2019 var kr. 1,145 á hlut og undirritaðir hafa ekki greitt hærra verð fyrir hlutabréf í Heimavöllum hf. á síðastliðnum 6 mánuðum.

Tilboðið mun ná til þess að kaupa allt að 1.953.076.923 hluti í Heimavöllum sem samsvarar 17,09% heildarhlutafjár félagsins fyrir allt að kr. 2.500.000.000. Komi til þess að umframeftirspurn verði eftir því að taka tilboðinu skerðist hlutur hvers hluthafa hlutfallslega, en tilboðsgjafi áskilur sér rétt til þess að auka við þann fjölda hluta sem hann býðst til þess að kaupa.

Tilboðið mun taka til allra hluta í félaginu, nema þeirra sem eru í eigu félagsins sjálfs.

Tilboðið mun verða gert þeim fyrirvörum að samþykkt verði að taka hlutabréf Heimavalla hf. úr viðskiptum hjá NASDAQ Iceland hf.

Tilgangurinn með hinu valfrjálsta tilboði er að greiða fyrir töku hlutabréfa Heimavalla hf. úr viðskiptum hjá NASDAQ Iceland hf. og veita þeim hluthöfum sem hugnast ekki afskráning, kost á að selja. Ljóst er að seljanleiki bréfanna, sérstaklega minni hluta, mun minnka við afskráningu úr kauphöll og upplýsingagjöf til hluthafa verður takmarkaðri, þetta getur verið forsendubrestur og áhættuþáttur sem einhverjir hluthafa vilja forðast.

Tilboðsgjafi mun birta tilboðsyfirlit í samræmi við ákvæði laga um verðbréfiðskipti áður en hluthafafundur fjallar um tillögu um afskráningu úr kauphöll.

Arctica Finance hf., umsjónaraðili, mun taka við öllum fyrirspurnum. Tengiliður Arctica Finance hf. er Stefán Þór Bjarnason, [stefan@arctica.is](mailto:stefan@arctica.is), sími 820-6362.

Um Alfa Framtak ehf.

*Alfa Framtak ehf. er ábyrgðar- og rekstraraðili 7 ma.kr. óskuldsetts fjárfestingasjóðs í eigu stofnana- og einkafjárfesta. Stefna Alfa er að fjárfesta í góðum fyrirtækjum og vinna markvisst að verðmætaaukningu á ábyrgan máta. Markmiðið er að vera öflugur bakhjarl stjórnenda og annarra hluthafa og verða þeirra fyrsti kostur við val á samstarfsaðila.*

Um Siglu ehf.

*Sigla ehf. er fjárfestingafélag í eigu Snæbóls ehf. og Gana ehf. sem aftur eru í eigu Finns R. Stefánssonar og Tómasar Kristjánssonar. Klasi ehf. er í eigu Siglu ehf.*